



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Varðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um námslínu fyrir leiðbeinendur í leikskólum

Á fundi borgarráðs 9. febrúar 2023, var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Lagt er til að borgarráð samþykki að skóla- og frístundasvið hefji undirbúning í samráði við leikskólasamfélagið um námslínu fyrir leiðbeinendur sem ætlað er til að styrkja þá í faglegu starfi á leikskóla. Þetta er lagt til m.a. í ljósi alvarlegrar manneklu sem ríkt hefur í leikskólum borgarinnar frá 2016. Freista þarf þess að hugsa út fyrir boxið og finna nýjar leiðir til að laða fólk til starfa í leikskólum. Önnur sveitarfélög hafa farið þessa leið og beitt fleiri nýjungum sem leitt hefur til aukinnar eftirsóknar í störfum á leikskólum. Reykjavík þarf að taka sér þessi sveitarfélög til fyrirmyndar. Ekki gengur að sýna uppgjöf í þessum málum en nú ríkir hreint neyðarástand. Fæst börn geta verið á leikskólum sínum alla fimm daga vikunnar vegna vöntunar á starfsfólki.

Umsögn skóla- og frístundasviðs

I. Inngangur

Reykjavíkurborg býður upp á margvíslega fræðslu fyrir starfsfólk sitt. Til grundvallar allri fræðslu er ný fræðslustefna Reykjavíkurborgar sem var samþykkt í borgarráði haustið 2022 og er undirstefna mannauðsstefnu borgarinnar.

II. Nýliðafræðsla fyrir starfsfólk leikskóla

Hönnuð hefur verið námslína fyrir leiðbeinendur í leikskóla á Torginu, stafrænu fræðslukerfi fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar, sem opnað verður fyrir starfsmenn skóla- og frístundasviðs haustið 2023. Í námslínunni er m.a. að finna nýliðafræðslu fyrir starfsfólk leikskóla. Fræðslan inniheldur eftirtalda fjóra fræðslupakka: nýliðafræðsla fyrir allt starfsfólk Reykjavíkurborgar, fræðslu um skóla- og frístundasvið, fræðslu um leikskólann, fræðslu um menntastefnu og námskrár og áherslur í leikskólustarfi.

Sem fyrr segir er fræðslan starfræn og þarf þátttakandi þ.a.l. ekki að fara af leikskólanum til að geta verið þátttakandi. Markmið með fræðslunni er að auka meðvitund um áherslur leikskólans og á hverju þær byggja, svo sem aðalnámskrá leikskóla, menntastefnu Reykjavíkur og skólanámskrá, sem byggja á lögum um leikskóla og eru faglegur leiðarvísir í starfi leikskólans.

Fræðslan er fyrst og fremst ætluð fyrir nýliða leikskólans sem vilja kynna sér leikskólafræði. og er sett upp með stuttum myndböndum, texta og vísun í vefsíður. Í lok hvers þreps er ígrundun með tengilið sem leikskólinn tilnefnir.



III. Námsleyfi og önnur námstækifæri leiðbeinenda í leikskóla

Starfsfólk leikskóla Reykjavíkurborgar sem stundar nám í leikskólakennarafræðum hefur kost á að sækja um launað námsleyfi sem nemur allt að 17,5 dögum á önn eða alls 35 dögum á hverju skólaári. Námsleyfin eru ætluð starfsfólki í leikskólum borgarinnar sem hyggst ljúka námi í leikskólakennarafræðum, M.Ed. gráðu frá Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri eða Listaháskóla Íslands og fá leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari. Markmiðið með styrkveitingum til námsleyfis er að fjölga starfsfólki í leikskólum Reykjavíkur með leikskólakennaramenntun/leyfisbréf (M.Ed.).

IV. Fagháskólanám í leikskólakennarafræði við HÍ og HA

Þessu til viðbótar má nefna nýtt fagháskólanám í leikskólakennarafræði sem er samstarfsverkefni HÍ og HA. Námið er 60 eininga diplómanám á fagháskólastigi sem myndar einskonar brú á milli framhaldsskóla og háskóla. Inntökuskilyrðin eru að nemi sé í starfi í leikskóla, hafi a.m.k. þriggja ára starfsreynslu og hafi lokið leikskólaliðanámi, leikskólalabru eða sambærilegu námi á framhaldsskólastigi.